

Borgarráð

Fyrirhuguð ferð staðgengils borgarstjóra á DiverCITY 3 ráðstefnuna í Wrocław í Póllandi dagana 2. til 4. október 2017

Fyrirhuguð er ferð staðgengils borgarstjóra, formanns borgarráðs S. Björns Blöndal, til Wrocław í Póllandi dagana 2. til 4. október 2017. Ferðin er farin í tilefni þátttöku Reykjavíkurborgar í ráðstefnunni DiverCITY 3 en hún er nú haldin í þriðja sinn. Með staðgengli borgarstjóra í för verða Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Hilmar Hildar Magnússon alþjóðafulltrúi, Kristinn Jón Ólafsson frá skrifstofu reksturs og þjónustu og Óli Jón Hertervig frá skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Þá tekur Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs einnig þátt í ráðstefnunni en hún mun þar flytja erindi. Ráðstefnuhaldarar kosta ferðir og gistingu hópsins í Wrocław með stuðningi Uppbyggingarsjóðs EES (EEA/Norwegian Grants). Fjögur megin þemu ráðstefnunnar eru *Borg íbúanna*, *Vingjarnlegt borgarrými*, *Hreyfanleiki í borginni* og *Græna borgin*.

Hjálagt er minnisblað alþjóðafulltrúa með frekari upplýsingum um ráðstefnuna en dagskrá má sjá á vefsvæðinu <http://www.divercity3.pl/en>.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað: DiverCITY 3 ráðstefnan í Wrocław, Póllandi, dagana 2. til 4. október 2017.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Hilmar Hildar Magnússon

DiverCITY 3 ráðstefnan í Wrocław, Póllandi, dagana 2. til 4. október 2017

DiverCITY 3 ráðstefnan er sú þriðja í röð ráðstefna sem Ráðuneyti Efnahagsþróunar í Póllandi hefur síðan 2014 haldið í samvinnu við Wrocław-borg og Samtök norskra sveitarfélaga (KS) með stuðningi Uppbyggingarsjóðs EES (EEA/Norwegian Grants). Ráðstefnan hefur orðið til þess að efla mjög samskipti Wrocław og Reykjavíkur og er hún meðal undanfara þess að borgirnar gerðu með sér formlegt systraborgasamstarf í byrjun apríl 2017. Dagskrá ráðstefnunnar má sjá á vefsvæðinu <http://www.divercity3.pl/en>

Áskorunum nútímaborgar mætt með nýjum lausnum á gömlum merg

Á vefsvæði DiverCITY 3, má lesa að yfirskrift fyrstu DiverCITY ráðstefnunnar hafi verið *Borg fyrir alla (the City for All)* og *Örbreytingar (Microchanges)*. Á ráðstefnu síðasta árs hafi verið rætt um hlutverk einkaaðila við fjármögnun endurnýjunar borga og möguleika nærsamfélaga til að auka gæði borgarumhverfis. Megináhersla ráðstefnunnar í ár sé á *Hugmynd fyrir borgina (Idea for the City)* sem felist í því að ávarpa ímynd borgarinnar í dag, og til framtíðar, sem og væntingar til mannlífs í borginni og leiðirnar til að uppfylla þær. Enn fremur segir að evrópskar borgir takist á við ýmsar áskoranir. Annars vegar sé um að ræða að breytingar á lýðfræði- og félagslegum þáttum, menningu, efnahag og umhverfi sem kalli á nýjar lausnir og sjónarhorn. Á hinn bóginn sé mikilvægt að varðveita einkennin, hefðirnar og söguna, þau atriði sem skapi ímynd borgarinnar og geri hana að stað sem borgararnir líti á sem heimili sitt. Takast þurfi þannig á við áskoranir að vilji borgaranna til að huga að velferð borgarinnar sé efldur. Til að mæta þessum væntingum sé leitað að sameiginlegum grundvelli og leitað til fulltrúa sveitarfélaga, borgara, fagfólks á sviði skipulags og borgarskipulags, arkitekta, varðveitendur menningararfs, vísindafólks, fulltrúa borgarahreyfinga og þróunarfélaga. Þannig eigi ráðstefnan að vera vettvangur þeirra sem láti sig málefni þéttbýlisins varða og leið til að deila reynslu, ræða saman og öðlast þekkingu um borgina.

Áhersla á íbúa, vingjarnlegt borgarrými, hreyfanleika og grænar lausnir

Á vefsvæðinu segir að þær spurningar sem vakni á ráðstefnunni tengist lífsgæðum í borgum og leiðum til þess að auka þau. Nútímaborgin þurfi einnig að vera fjölbreytt til að svara fjölbreyttum þörfum íbúanna. Nútímaborgin þurfi að hafa stöðuga vinnustaði, ómengað umhverfi, ríkulegt framboð af menningu, fjölbreytta möguleika til frístundaiðkunar, skilvirk

samskipti og húsnaði á viðráðanlegu verði. Erfitt sé að uppfylla þessi skilyrði og til þess þurfi breytingarferla sem hugsaðir séu til lengri tíma en með því að virkja íbúana í borgarskipulagi og þróun sé mögulegt að móta borg með virkum og meðvituðum hætti. Þá segir að efni ráðstefnunnar verði rætt í fjórum þemalotum:

Borg íbúanna

Hér segir að borg íbúanna verði til þegar skipulag hennar og mótun byggji á þátttöku allra aðila: sveitarstjórnar, borgaranna, stofnana, frjálsra félagasamtaka og atvinnulífs. Það sé blanda allra áhrifapátta, tilhneiginga og starfsemi sem skapi sjálfsmynd eða einkenni borgarinnar og geri hana þar með einstæða. Gagnkvæmur skilningur opinberra starfsmanna, skipulagsfólks og borgara hjálpi til við að móta og virkja tæki samvinnu - en að ákvarðanir sem teknar séu með þessum hætti þurfi að liggja hjá íbúnum sjálfum. Þátttaka íbúanna og ákvarðanatoka velti á þekkingu þeirra á borginni, sögu hennar, gildum og möguleikum, sem og tilfinningu fyrir því að þátttaka sé raunverulegt tækifæri til að auka lífsgæði fólks. Lykilorð: Þátttaka, samfélagsverkefni, frumkvæðisverkefni grasrótar, íbúavirkni, frjáls félagasamtök, opinbert samráð.

Vingjarnleg borgarrými

Hér segir að reynt verði að svara spurningum um hvernig almenningur í nútímanum skilji hugtakið. Við hverju hann búist af umhverfinu. Hvernig hann geti haft áhrif á það. Hvernig hann ætti að hafa áhrif. Hver félags- og aldurshópur skilgreini hugtakið með ólíkum hætti en um alla gildi þó að gæði rýmisins sé afgerandi þáttur í aðdráttarafl borgarinnar. *Gott* borgarrými verði að vera fjölnota og aðgengilegt fyrir marga samfélagshópa, veita borgurunum tækifæri til ýmissa athafna og tryggja börnum, konum og eldra fólki öryggi. Til að teljast vingjarnlegt rými þurfi það að njóta viðurkenningar og samþykkis íbúanna. Lykilorð: torg og stræti, list í almannarými, bakgarðar, græn svæði, opinber verkefni, minni almenningsgarðar, vasagarðar, tímabundnar innsetningar.

Hreyfanleiki í borginni

Hér segir að viðfangsefnið vekji miklar tilfinningar. Fólk vænti þess að geta ferðast hratt og örugglega milli staða, að það geti valið ferðamáta, að það hafi góðan aðgang að almenningssamgöngum og þægilegu neti fyrir hjólandi og gangandi umferð. Í mörg horn sé að líta og erfitt sé að mæta þessum væntingum, og þá geti orðið til deilur milli mismunandi hópa. Samgöngur séu málefni sem hafi afgerandi áhrif á mótun virkni, aðdráttarafls og samkeppnishæfni borgarinnar. Tryggur aðgangur að mikilvægustu starfsemi borgarinnar, án tímasóunar vegna ferðalaga, hafi áhrif á gæði húseignar, hverfis og borgar. Hér þurfi að ræða bæði að innviða- og rýmistengdar lausnir, sem og tilraunir til að breyta ferðavenjum, sérstaklega í því augnamiði að minnka notkun einkabílsins á þéttbýlissvæðum. Lykilorð: almenningssamgöngur, reiðhjól, gangandi vegfarendur, mildun umferðar (e. traffic calming), lifandi stræti (e. woonerf), samnýtt göturými.

Græna borgin

Undir þessum lið segir að Græna borgin sé hrein og heilbrigð borg þar sem eitt meginmarkmiðið sé að huga að gæðum loftis og vatns og að halda hljóðstyrk í lágmarki. Ekki sé einungis hugað að gördum, grænum svæðum, trjáplöntun og annarri plöntun vegna landslags eða til að hafa reglu á hlutum, heldur gegni þessir þættir einnig hlutverki við úrgangsflokkun og formgerðarlausnir. Nútímaborgin búi yfir

líffræðilegri fjölbreytni. Hún fái orku sína úr fjölbreytninni og byggji á hugmyndinni um borg sem hluta af náttúrulegu umhverfi. Borg þar sem samskipti hins manngerða umhverfis og grænna svæða séu í jafnvægi. Hlutverk sveitarfélagsins sé að huga að umhverfisgæðum - í samvinnu við einstaklingana. Lykilorð: vatn, loft, samgöngur, græn svæði, vasagarðar, grasrótarverkefni, samfélagsgarður.

Hilmar Hildar Magnússon
alþjóðafulltrúi